



**LEB**

**Landssamband eldri borgara**

Sigtún 42, 105 Reykjavík

KT: 600989-4059;

Fax: +3545515835

Símar: +3545677111/ +3548599711

Netfang: [leb@leb.is](mailto:leb@leb.is)

Heimasíða: [www.leb.is](http://www.leb.is)

**Nefndasvið Alþingis, Velferðarnefnd.  
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir ritari,**

***Alþingi  
Erindi nr. P 142/167  
komudagur 30.6.2013***

**Umsögn Landssambands eldri borgara um þingmál nr. 7, í júní 2013.  
Frumvarp til laga um lífeyrisréttindi almannatrygginga og félagslegur  
stuðningur.**

Frumvarpið var lagt fram sem stjórnarfrumvarp á síðasta þingi og byggði á tillögum starfshóps sem LEB átti aðild að og samþykkti með sérstakri bókun. Þegar frumvarpið kom fram 7. mars s.l. lýsti LEB yfir stuðningi við það í flestum atriðum, þó með nokkrum athugasemdum. Ein athugasemd okkar var eftirfarandi:

Jafnframt viljum við taka fram að með þessu frumvarpi er ekki tekið á því að lagfæra þær skerðingar á lífeyri sem eldri borgarar hafa orðið fyrir frá árinu 2009., og minnum við á bókun fulltrúa LEB í starfshópi um endurskoðun almannatrygginga um það mál. Við teljum að samhliða þessu frumvarpi eigi að setja inn upphæð samsvarandi grunnlífeyri ellilífeyris uppreiknuðum frá 1. júlí 2009, sem sé óháður öllum skerðingarákvæðum. Með bráðabirgðaákvæði í lögnum mætti gera það í áföngum. Einnig viljum við að í frumvarpinu sé talað um eftirlaunaþega en ekki ellilífeyrisþega.

Þar sem nú er til umfjöllunar stjórnarfrumvarp um breytingar á almannatryggingarlögum sem tekur á þessu atriði, sem LEB lagði áherslu á í sinni fyrri umsögn um mál nr. 636 á síðasta þingi þskj. 1116, þá teljum við forsendur nokkuð breyttar og taka þurfi mið af því í þessu frumvarpi. Einnig eru í framlögðu stjórnarfrumvarpi teknar inn sömu breytingarákvæði hvað varðar starfsemi Tryggingarstofnunar og eru í þessu frumvarpi. Ljóst er að breyta þarf upphæðum sem tilteknar eru og að nokkurn tíma þarf til að fara yfir frumvarpið með tilliti til þeirra breytinga sem verið er að gera nú á vorþingi, og ekki er víst að sá tími gefist núna. LEB leggur áherslu á að áfram



**LEB**

**Landssamband eldri borgara**

Sigtún 42, 105 Reykjavík

KT: 600989-4059;

Fax: +3545515835

Símar: +3545677111/ +3548599711

Netfang: [leb@leb.is](mailto:leb@leb.is)

Heimasíða: [www.leb.is](http://www.leb.is)

sé unnið að endurskoðun laga um almannatryggingar til að einfalda kerfið og gera það skilvirkara, og þannig nýtt sú mikla vinna starfshópsins sem liggur að baki þessu frumvarpi. Við ítrekum að athugasemdir okkar við einstakar greinar frumvarpsins sem settar voru fram í vor eru í fullu gildi hvað þetta frumvarp varðar.

Reykjavík 30. júní 2013.

F.h. stjórnar Landssambands eldri borgara.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, formaður LEB